
Ályktun um orkumál á Vestfjörðum:

Orkumál atvinnulífs

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í fjarfundi dagana 9.-10. október 2020 vísar í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 þar sem farið er ítarlega yfir annmarka og kosti Kerfisáætlunar fyrir Vestfirði.

Afhendingargeta raforku á Vestfjörðum ásamt annmörkum á afhendingaröryggi á svæðinu eru takmarkandi þáttur vaxtar atvinnulífs á svæðinu. Nefna má í þessu samhengi til dæmis stækkun seiðaðisstöðvar Háafells á Nauteyri, uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í Súðavík, því sem næst alla atvinnuuppbyggingu í Árneshreppi svo nokkur dæmi séu nefnd. Síðan er hafin þróun í orkuskiptum atvinnulífs og mun sú þróun að líkum verða hröð á komandi árum.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er gerð greining á þróun launatekna almennings og hlutfallslegri afhendingargetu raforku á árabílinu 1992-2016 til þéttbýlisstaða á Íslandi. Niðurstöður greiningarinnar gefa skýrt til kynna að hin lága afhendingargeta raforku á Vestfjörðum hefur leitt til lægri launatekna á undanförunum áratugum og er því einn lykilþáttur fyrir neikvæðri þróun atvinnulífs og samfélaga. Ekki verður við það búið að þessi staða haldi áfram og verður að tryggja svæðinu sömu forsendur til vaxtar og annarra landshluta.

Þessu til viðbótar er eðlileg krafa að samfélög á Vestfjörðum geti keppt um orkufrek atvinnutækifæri við aðra landshluta ef það fellur að atvinnustefnu svæðisins. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa gera eindregna kröfu um þetta mál verði fjallað í Kerfisáætlun 2020-2029.

Miðað við tímasetningar verkefna á Vestfjörðum sem kynntar eru í framkvæmdaáætlun 2020-2024 og langtímaáætlun Kerfisáætlunar 2020-2029, þá er tæpt á að þær nái að fylgja þróun þeirrar sviðsmýndar sem Fjórðungssambandið og Vestfjarðastofa telja líklegasta til að lýsa framtíðarþróun í atvinnu- og mannlífi Vestfjarða, Vestfirðir í sókn.

Alþingi hefur með þingsályktunartillögu um flutningsmál raforku (26/148) sett Vestfirði í forgang. 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík dagana 9.-10. október 2020 hvetur til þess að Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 fjalli betur um hvernig forgangur í málum Vestfjarða kemur fram. Að óbreyttu yrði staða Vestfjarða áfram líkt og um áratuga skeið um að framþróun í afhendingaröryggi verður stigi á eftir öðrum landshlutum og eða framkvæmdir eru eftir á í tíma. Við það verður ekki unað.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga
Vísast til Fjórðungsmálanefndar